

Skipulags- og samgönguráð

Reykjavík 19.10.2018

USK2018100034

### Tillaga um bann við akstri hópbifreiða upp Njarðargötu

Lagt er til að lagt verði bann við akstri hópbifreiða upp Njarðargötu. Bannið verði merkt með umferðarmerki B03.32 og undirmerki sem á standi: „Innakstur hópbifreiða bannaður.“ Samþykkt verði með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.



### Greinargerð

Sumarið 2017 tók í gildi breytt fyrirkomulag um akstur hópbifreiða í miðborginni. Markmiðið með nýju fyrirkomulagi var að tryggja að samlíf miðborgarbúa, ferðaþjónustunnar og gesta borgarinnar verði eins og best sé á kosið. Safnstæðum var fjölgað, akstursbann hópbifreiða stækkað til austurs og akstursleiðir skilgreindar á ákveðnum götum. Sjá mynd á næstu síðu.



Á heildina litið hefur reynslan af breyttu akstursfyrirkomulagi verið góð og almennt hafa hópþreifreiða- og ferðaþjónustufyrirtæki endurskipulagt akstur sinn í samræmi við breytt fyrirkomulag. Samkvæmt fyrirkomulaginu eiga hópþreifreiðar meðal annars að aka upp Eiríksgötu, að safnstæði við Hallgrímskirkju, og svo niður Njarðargötu. Ítrekaðar kvartanir hafa borist um að þessi tilmæli um akstursstefnu séu ekki virt í Njarðargötu, þ.e. að hópþreifreiðum sé ekið upp Njarðargötu, en ekki niður. Þrátt fyrir ábendingar til ferðaþjónustuaðila um að fylgja tilmælum um akstursstefnu niður Njarðargötu eru þau ekki fyllilega virt.

Njarðargata er í miðju íbúðahverfi og er þröng gata, sem gerir það að verkum að erfitt er að mætast á hópþreifreiðum. Vegna bratta hennar er ónæði af vélarhávaða hópþreifreiða á leið upp götuna umkvörtunarefni. Þá er Njarðargata betur til þess fallin að hópþreifreiðum sé ekið niður götuna, fjær samsíða bílastæðum í austanverðri götunni.

Þorsteinn R. Hermannsson,  
samgöngustjóri